

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

**Skúlagötu 4**

**101 Reykjavík**

**Bt. Jón Þrándur Stefánsson**

**Erindi: Sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp fiskveiðiárið 2022/2023.**

Súðavíkurhreppur leggur til eftifarandi sérreglur fyrir úthlutun byggðakvóta til skipa og báta í Súðavík fiskveiðiárið 2022/2023 sbr. reglugerð nr. 1018/2022. Til úthlutunar nú eru 75 tonn í hlutdeild byggðakvóta miðað við síðustu úthlutun. Þá eru óveidd um 153 tonn og 68 kg. sem hægt er að úthluta á þessu fiskveiðiári. Súðavíkurhreppur leggur hér fram tillögu að úthlutun byggðri á 2. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 og sjónarmiðum Súðavíkurhrepps sem gerð er grein fyrir í meðfylgjandi greinargerð.

Eftifarandi eru reglur í töluliðum 1-5 ásamt staflíðum:

1. **Skip og bátar sem koma til álit við úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps:** Skip og bátar með heimahöfn í Súðavík frá og með 1. júlí 2022 koma til álita við úthlutun hafi gilt veiðileyfi og krókaflamark, frístundaveiða, kvóta eða leyfi til veiða á strandveiðum. Víkja má frá skilyrðum um skráða heimahöfn miðað við 1. júlí 2022 ef veigamiklar og málefnalegar ástæður eru því til grundvallar. Undanþága frá skráningu skal háð samþykki sveitarstjórnar. Gildir það hvort sem um er að ræða í krókaflamarkskerfi eða öðrum kerfum. Jafnframt skulu skip og bátar vera í eigu einstaklinga eða lögaðila sem hafa skráð heimilisfang í Súðavíkurhreppi miðað við einstaklinga í þjóðskrá og lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
2. Byggðakvóta skal landa í Súðavíkurhöfn og eru undaþágur frá því einungis til álita vegna *force majeure* ástæðna og skal tilkynnt til Súðavíkurhafnar fyrirfram.
3. Öllum byggðarkvóta og mótfram lagi skal landað í Súðavíkurhöfn og ber að merkja sérstaklega byggðarkvóta og tilkynna við löndun skv. áskilnaði í gildandi reglugerð um byggðarkvóta.
4. Byggðarkvóta er úthlutað “*tonn á móti tonni*” sbr. skilgreiningu gildandi reglugerðar um byggðarkvóta, við úthlutun þarf að leggja fram mótframlag á móti úthlutun innan fiskveiðiársins.
5. Skipting byggðarkvóta Súðavíkuhrepps fyrir fiskveiðiárið 1. september 2022 – 31. ágúst 2023, úthlutun auch eftirstöðva, alls 228.068 kg:
  - a. Flokkur frístundabáta 85 þorskígildistonn með heimild til að jafna milli báta innan sömu útgerðar án hámarks á hvern bát.
  - b. Krókabátar/krókaflamarksbátar skráðir í Súðavík 1. júlí 2022 64 þorskígildistonn en hámark 16 tonn á bát.
  - c. Flokkur báta/skipa yfir 100 brl. fái úthlutað 79 tonn.
  - d. Ef einhverju verður óráðstafað af byggðarkvóta í flokk b. skal því úthlutað til flokka a. og c. í jöfnum hlutföllum.

Þannig gert í Súðavík 15. janúar 2023,

  
Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

## Byggðakvótaúthlutun í Súðavíkurhreppi 2022/2023.

Greinargerð með sérreglum um byggðakvótaúthlutun og beiðni um undanþágu frá vinnslusamningi.

Vísað er til úthlutunar byggðakvóta til Súðavíkur sbr. erindi frá Fiskistofu í tölvupósti dags. 12. desember 2022. Eins og fram kemur í þeim reglum sem Súðavíkurhreppur leggur til eru þær að mestu í samræmi við gildandi framkvæmd, almennar og gera ráð fyrir úthlutun í þrjá flokka;

- a. Flokk frístundabáta
- b. Flokk krókaflamarksbáta
- c. Flokk skipa yfir 100 brl.

Líkt og fram kemur í tillögnum fara 85 tonn til Iceland Sea Angling, 64 til báta með krókaflamark og 79 tonn til skipa yfir 100 brl. Skip Aurora Seafood er í eigu tengdra aðila sem fara með vinnslu í Súðavík. Þeir sem sækja um byggðakvóta munu gera vinnslusamning við Vestfisk (eða Íslandssögu sem eiganda). Þannig er gert ráð fyrir að allur afli sem tengist byggðakvótaúthlutun verði lagður upp hjá félagi sem rekur vinnslu í Súðavík. Samt sem áður hefur gengið erfiðlega að ná um það sátt hvaða reglur gilda í samskiptum þeirra sem hafa krókaflamark og leggja upp hjá vinnslunni varðandi verð og móttöku á fiski.

Í trausti þess að aðilar nái saman um framangreint er úthlutað til krókaflamarksbáta í þeirri von að samningar takist með vinnslunni, en það gekk ekki upp á sl. fiskveiðíári. Í tillögu að sérreglum Súðavíkurhrepps fyrir fiskveiðíárið 2021/2022 var lagt upp með að fá vinnsluskyldu afnumda. Láu því til grundvallar, að mati Súðavíkurhrepps, greinargóðar ástæður þar sem sérstakt ástand hefur skapast um byggðakvótann. Er sú staða uppi í dag að vinnsla, sem er einn aðili, hefur í hendi sér hvernig úthlutun og samningagerð er háttað fyrir þá sem vilja sækja í byggðakvóta. Verður miki ójafnvægi varðandi samningsstöðu aðila, einkum þegar kemur að því að semja um fiskverð og fyrirkomulag landana. Í trausti þess að aðilar nái saman um verkefnið mun Súðavíkurhreppur leggja til eins almenna nálgun á reglurnar og unnt er en þó með framangreindri skiptingu. Allar almennar reglur gilda í grunninn varðandi veiðileyfi, skráningu og tonn á móti tonni löndun og löndunarskyldu í Súðavík.

Allt að einu, ef samningar takast ekki með aðilum varðandi móttöku og vinnslu þess afla sem telja á sem framlag og byggðakvóti, væri sanngjarnast að vinnsluskylda yrði afnumin fyrir krókaflamarksbáta. Það yrði þó með þeim formerkjum að löndunarskylda væri óundanþæg í Súðavíkurhöfn. Í því skyni yrði móttaka fiskmarkaðar í Súðavík þannig að vinnsla nytí í það minnsta hagræðis varðandi flutningskostnað á keyptum afla af markaðnum umfram aðra. Það er ótvírætt hagur Súðavíkurhrepps að allur afli og byggðakvóti verði dreginn að landi í Súðavíkurhöfn og unninn í heimabyggð. Þá er það líka hagur sveitarfélagsins að sem hæst verð fáist fyrir landaðan afla þar sem verð á lönduðum afla hangir saman við það sem fæst í afgjald. Þá er einnig hagur sveitarfélagsins að vinnslu gangi vel á svæðinu þar sem hluti íbúa hefur atvinnu af vinnslu í Súðavík og skila útsvari til sveitarfélagsins. Mismikið kemur inn til sveitarfélagsins eftir því hver veiðir og hvar er lagt upp eins og gefur að skilja. En að öllu virtu er byggðakvóti væntanlega meintur sem stuðningur við fiskvinnslu á hverjum stað.

Þannig gert í Súðavíkurhreppi 15. febrúar 2023

  
Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

**Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum  
fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælst til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Súðavíkurhreppur
<b>Tillaga varðar hlutiegandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Súðavík
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	10. febrúar 2023, sjá fundargerð.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Sjá meðfylgjandi tillögur og greinargerð.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Sjá meðfylgjandi tillögur og greinargerð.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Sjá meðfylgjandi tillögur og greinargerð.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Sjá meðfylgjandi tillögur og greinargerð.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Sjá meðfylgjandi tillögur og greinargerð.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Sjá meðfylgjandi tillögur og greinargerð.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	

